

Fundargerð

187. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn föstudaginn 4. nóv. 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
- 2. Kjartan Ingvarsson lögfræðingur í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynnir væntanlegar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.a. hvað varðar möguleika á sameiningu eftirlitssvæða. Síðan umræður og áherslur heilbrigðisnefndar.**

Kjartan Ingvarsson kynnti málefnið; síðan urðu gagnlegar og góðar umræður um málið. Eftirfrandi er samantekt á því helsta í máli Kjartans:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur unnið tillögur til ráðherra að breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir í þeim tilgangi að einfalda regluverk atvinnulífsins og auka skilvirkni, minnka skrifræði, einfalda samskipti við opinbera aðila og um leið að halda kostnaði niðri.

Gert er ráð fyrir að einungis verði gerð krafa um að tiltekin starfsemi hafi leyfi (þegar nauðsyn krefur), að eftirlit verði samræmt og skilvirkt um land allt og að eftirlit byggji á áhættumati og að leiðbeiningar verði aðgengilegar á einum stað. Þannig er gert ráð fyrir að skráningarskylda komi yfirleitt í stað starfsleyfissskyldu og að komið verði á fót einni rafrænni gátt fyrir öll stjórnvöld vegna skráninga og starfsleyfa.

Þá er gert ráð fyrir að allt eftirlit verði hjá heilbrigðisnefndum (í stað þess að deila eftirliti á milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda) og að samræmingarhlutverk Umhverfisstofnunar verði aukið, m.a. hvað varðar gerð eftirlitsáætlana og áhættumats. Hugmyndir eru uppi um sameiningu og stækkun heilbrigðiseftirlitssvæða.

Einnig er gert ráð fyrir innleiðingu á tilskipun 2010/75 um losun frá iðnaði og heimild til að leggja á stjórnvaldssektir og að heimildir sveitarstjórna til að setja samþykktir verði nánar afmarkaðar. Sömu leiðis verði kærheimildir og einnig undanþáguheimildir ráðherra betur afmarkaðar.

Þessar breytingar eru að sjálfsögðu háðar stefnumótun og vilja ráðherra.

- 3. Vöðvasullur í sauðfé; mikilvægi skráninga á hundum til sveita og hundarhreinsana**

Vöðvasullur í sauðfé hefur komið upp í Bakkafirði og Þistilfirði og afar mikilvægt að öll sveitarfélög haldi skrá yfir alla hunda, jafnt í þéttbýli sem til sveita og framkvæmi

lögboðna hundahreinsun að lokinni aðal sláturtíð ár hvert. Sömuleiðis er mikilvægt að hundar komist hvergi í sláturúrgang og hræ. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra og héraðsdýralæknir hafa með sér samstarf um skipulagningu aðgerða.

Umsagnir:

1. Hótel í landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi. Umsögn.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn skýrði frá gangi mála, m.a. hvað varðar hönnun á fráveitukerfi, þ.m.t. samþykki Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar vegna fráveitulausna.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630. Gisting í einbýlishúsi að Fjarðarvegi 12, 680 Þórshöfn. **Samþykkt.**
2. Helga Haraldsdóttir kt. 190343-2009, umsókn um starfsleyfi fyrir yogakennslu undir nafninu Yogalind að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
3. Tvistur hestapjónusta kt. 560991-2079, Hringsholt 620 Dalvík, vegna hestaleigu og reiðnámskeiða. **Samþykkt.**
4. Sara Arnbro kt. 010582-2029, Ysta-Gerði, 601 Akureyri vegna hestaleigu og reiðnámskeiða. **Samþykkt.**
5. Concept ehf kt. 410605-1710, Skjaldarvík 601 Akureyri, vegna hestaleigu og örnámskeiða fyrir börn. **Samþykkt.**
6. Blágrýti ehf, kt. 571016-0870, umsókn um starfsleyfi fyrir kaffi- og veitingarekstur í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. **Samþykkt.**
7. Grenó ehf kt. 450916-0640, Stórasvæði 4, 610 Grenivík, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiheimili ásamt þjónustuhúsi (sem er í byggingu). **Samþykkt.**
8. Bakaríð við brúna ehf kt. 610199-3219, Dalsbraut 1h, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna bakarís og rekstur á kaffihúsi með áfengislitlum veitingum með opnunartíma frá 6.00 til 23.00 alla daga. **Samþykkt.**
9. ELL 309 ehf, kt. 480616-0810, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á veitingahúsinu Taste, Skipagötu 2, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Steinaskjól ehf kt. 590516-1550, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð 302, Strandgötu 13, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Garún Akureyri ehf kt. 700910-0750, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á þremur íbúðum að Kotabyggð 37, 601 Akureyri. **Samþykkt.**

12. Life Iceland ehf kt. 460614-1980, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið Shanghai-Akureyri, Strandgötu 7, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
13. María Jóna Jónsdóttir kt. 210454-2259, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á veitingahúsi í Laxdalshúsi, Hafnarstræti 11, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
14. Dýrholt ehf., kt. 531296-2229, Auðbrekku 3, 601 Akureyri Loðdýrabú. **Samþykkt.**

Önnur mál:

-Skýrt frá frá áætlun Norðlenska um að nota einn og sama færanlega brennsluofninn til förgunar á áhættuvefjum við sláturhúsin á Húsavík og Akureyri. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við að ofninn verði færður á milli starfsstöðva, enda verði farið að starfsleyfisskilyðum hvað varðar mengunarvarnir.

-Afgreiðslu á umsókn Skútabergs ehf um starfsleyfi fyrir efnisvinnslu og geymslusvæðis á Moldhaugahálsi er frestað þar sem skipulagsvinnu vegna geymslusvæða er ólokið.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Þórarinn Þórisson

María Markúsdóttir

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Sigurgeir Höskuldsson